Söngur barnanna.
Hugleiðingar um söng-
kennslu í barnaskólum.

2 blöð. Merkt: Gamall kennari. 8.
= Jón Pálsson.

Söngur barnanna.
Hugleiðingar um söng-
kennslu í barnaskólum.

2 blöð. Merkt: Gamall kennari.
= Jón Pálsson. 8.

Börnin

## Söngur barnanna.

Barnsröddin er ein hin fegursta rödd er að eyrum manna ber, en það er vandfarið með hana og henni má misbjóða. Vér höfum oft átt þess kost, að heyra barnaflokka syngja opinberlega hér í borginni, bæði í Dómkirkjunni og í útvarpið. Vér höfum heyrt óma þeirra hljóma frá skólastofunum út á göturnar, þegar leið vor lá þar fram hjá, og vér höfum staldrað við til að hlusta, en ávalt höfum vér orðið fyrir vonbrigðum: Hinar mildu fögru raddir þeirra hafa að vísu verið hljómar, en í meðferðinni verða þær háir og hvellir, flár og garralegir, og er þeim með þessu vitanlega misboðið á hinn herfilegasta hátt. Hvort þessu veldur kunnáttu- eða skeytingarleysi kennaranna, skal ég ekki segja, sennilega hvorttveggja, en það er ekki barnanna sök sjálfra; þau eiga, flest þeirra, betri meðferð skilið og mundu taka henni vel, ef þau ættu þess kost.

Ég minnist þess, að fyrir nokkrum árum, heyrði ég oft og iðulega nokkra barnaflokka syngja, undir stjórn þeirra Jónasar sál. Helgasonar og Sigfúsar Einarssonar o.fl. og að nemendur þeirra sungu ekki eins gróft og flátt, eins og börn þau syngja, sem nú eru látin til sín heyra. Mér virðist því fremur um afturför en framför að ræða í þessu sviði, sem og fleiru því, er að uppfræðslu barna lýtur.

Það er ekki nóg að börnin læri að eins lög og syngi þau svo, að um þau megi það eitt segja, sem í vísunni stendur: „Þau höfðu bara hátt." Það þarf að kenna að fara vel með lögin, syngja þau með tilfinningu og viðkvæmni, með réttum framburði á sálmunum og vísunum, sem við þau eiga.

Skólatíminn er nú bráðum á enda og þess því ekki að venta, að um miklar endurbætur verði að ræða í þessu sviði að þessu sinni. En aftur kemur dagur: Kennslan byrjar aftur næsta haust og væri þá ekki úr vegi, að kennararnir, er þá taka við að leiðbeina börnunum og kenna þeim söng, minnist þessara vinsamlegu bendinga minna, sem ég hefi talið mér skylt, einkum barnanna vegna, að láta koma fyrir almenningssjónir, ef vera mætti að þær gæti komið þeim að góðu.

Gamall kennari.